

9. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, miðvikudaginn 6. september 2017 kl. 20:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Kambur og Kolbeinsvík, innkomin tilboð, ákvörðun um næstu skref.
2. Byggðastofnun – Verkefnið brothættar byggðir.
3. Stjórnsýsla og fundarsköp, um stjórn Árneshrepps, fyrri umræða.
4. Styrkur úr styrkvegasjóði – ákvörðun um framhald.
5. Samgöngumál – niðurstaða fundar á Ísafirði 23. ágúst sl. Lagt fram til kynningar.
6. Kaupfélagsmál, - niðurstaða stjórnar.

1. Kambur og Kolbeinsvík, farið var yfir þau tilboð sem bárust. Því næst vék oddviti af fundi á meðan tilboð í Kambinn voru yfirfarin. Hreppsnefnd tók eftirfarandi ákvörðun; Hreppsnefnd tók samhljóða ákvörðun um að hafna báðum tilboðum, en gerir gagntilboði upp á kr. 12.000.000,- til Héðns Birnis Ásbjörnssonar og fleiri. Ef gagntilboð er samþykkt er ennfremur óskað eftir að fá uppgæfið hverjir fleiri standi að tilboðinu. Því næst kom oddviti aftur inn á fund og þá var tekin eftirfarandi ákvörðun um sölu á Kolbeinsvík; Ákveðið var samhljóða að hafna öllum tilboðum í Kolbeinsvík og ennfremur því tilboði sem sent var í báðar jarðirnar.

2. Byggðastofnun – Brothættar byggðir. Hrefna Þorvaldsdóttir kt. 291251-4559 bað um að eftirfarandi yrði bókað; „Ég undirrituð geri athugasemd við að oddviti Árneshrepps hafi sótt um að Árneshreppur fengi aðild að verkefninu Brothættar byggðir án samráðs og án samþykkis hreppsnefndar Árneshrepps.“ Hreppsnefnd ákvað að taka skyldi þátt í verkefninu Brothættar byggðir þó að komið hafi fram efasemdir um að það gæti skilað árangri. Auglýst verður innan sveitar eftir 2 fulltrúum íbúa til að taka þátt í verkefnisstjórn. Oddviti mun áður afla nánari upplýsinga um hve tímafrek sú vinna gæti orðið.

3. Stjórnsýsla og fundarsköp, um stjórn Árneshrepps. Ákveðið var að fá upplýsingar frá ráðuneyti varðandi Drög – samþykkt um stjórn Árneshrepps fyrir næsta fund, þó það tímanlega að hreppsnefndarmenn verði búnir að hafa tækifæri til að bera saman „frumgerð“ frá ráðuneyti og þá útgáfu sem lögð var fram á fundinum. Ingólfur Benediktsson bar upp þá tillögu að málinu yrði frestað fram yfir næstu kosningar, en það var ekki samþykkt.

4. Styrkur úr styrkvegasjóði. Ákveðið var að kaupa efni fyrir alla upphæðina, að því tilskyldu að Vegagerðin samþykki þá ráðstöfun, þannig að hægt sé að vinna úr efninu á næsta ári.

5.Samgöngumál – niðurstaða fundar á Ísafirði. Bréf frá Samgöngunefnd FV til ráðuneytis lagt fram til kynningar.

6. Kaupfélagsmál – niðurstaða stjórnar. Þar sem stjórn KSH ákvað að loka útibúinu í Norðurfirði, var ákveðið að byrja á því að auglýsa eftir kaupanda að rekstrinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:45